# Ársskýrsla stjórnar L.H.

# Starfsárið 1983-'84
# Reikningar ársins 1983

EFNISYFIRLIT ÁRSSKÝRSLU STJÓRNAR L.H. 1983 - 1984.


| | | bls. |
|---|---|---|
| 1. | Stjórn L.H. 1983 - 1984 | 1 |
| 2. | Starfsmenn og skrifstofa | 1 |
| 3. | Auglýsinga- og kynningarblaðið Hestar '84 | 3 |
| 4. | Hesturinn Okkar | 4 |
| 5. | Skógarhólar og Þingvallanefnd | 5 |
| 6. | Ýmis námskeið | 7 |
| 7. | Um reiðskóla og námskeið | 8 |
| 8. | Fánar, merki og félagsbúningar | 8 |
| 9. | Fræðsluferðir og svæðisfundir | 9 |
| 10. | Nýtt félag í L.H. | 9 |
| 11. | Útgáfa bæklinga | 10 |
| 12. | Myndbönd útgáfa, kvikmyndir | 10 |
| 13. | Kvikmyndir | 10 |
| 14. | Mótaskrá L.H. | 11 |
| 15. | Niðurröðun mótsdaga 1984 | 11 |
| 16. | Frá fulltrúa L.H. í Reiðhallarnefnd | 12 |
| 17. | Saga L.H. | 13 |
| 18. | F.E.I.F. samstarf á Íslandi | 13 |
| 19. | Starfandi nefndir á vegum L.H. | 14 |
| 20. | Umsóknir og staðfesting móta 1984 | 19 |
| 21. | Um tölvuvinnslu á hestamótum | 20 |
| 22. | Um fréttir til fjölmiðla af starfi L.H. | 20 |
| 23. | Um fjórðungs- og landsmót | 21 |
| 24. | Um úthlutun reiðvegafjár 1984 | 22 |
| 25. | Skeifudagar bændaskólanna | 23 |
| 26. | Náttúrverndarþing 1984 | 24 |
| 27. | Um beitarskatt og vörsluhólf | 24 |
| 28. | Samkomulag F.T. og L.H. | 25 |
| 29. | Ársreikningar L.H. 1984 | 26 |
| 30. | Ársreikningar Hestsins Okkar 1983. Dreift sérstaklega. | 30 |
| 31. | Ársskýrsla Íþróttaráðs L.H. 1984 | 33 |
| 32. | Verkefnaskrá stjórnar Íþróttaráðs 1984 | 35 |
| 33. | Árgjöld félaga skr. ársskýrsla 1983 | 36 |
| 34. | Bestu tímar kappreiða 1984 | 38 |




# SKÝRSLA STJÓRNAR LANDSSAMBANDS HESTAMANNAFÉLAGA
## STARFSÁRIÐ 1983-1984

### 1. STJÓRN.

Á starfsárinu 1983-1984 skipuðu eftirtaldir aðilar stjórn Landssambands hestamannafélaga:

**Aðalstjórn:**

| | |
|---|---|
| Formaður: | Stefán Pálsson, Kópavogi. |
| Varaformaður: | Kristján Guðmundsson, Reykjavík. |
| Ritari: | Sigurður Haraldsson, Kirkjubæ, Rang. |
| Féhirðir: | Gísli B. Björnsson, Reykjavík. |
| Meðstjórnendur: | Egill Bjarnason, Sauðárkróki. |
| | Guðrún Gunnarsdóttir, Egilsstöðum. |
| | Skúli Kristjónsson, Svignaskarði. |

**Varastjórn:**

Árni Guðmundsson, Beigalda, Mýr.
Gunnar Gunnarsson, Arnarstöðum, Árn.
Guðmundur Jónsson, Reykjum, Mosfellssveit.
Gunnar Egilson, Akureyri.
Jónas Vigfússon, Litla-Dal, Eyjaf.

### 2. STARFSMENN OG SKRIFSTOFA L.H.

Starfsemi skrifstofunnar var með sama sniði og síðari ár og má segja að starfsemin sé nú í föstum skorðum.

Á árinu voru haldnir 14 stjórnarfundir. Einn þeirra bæði með aðal- og varastjórn fljótlega eftir að þingi lauk í nóvember, er farið var yfir ályktanir þingsins og verkefnum skipt niður á nefndir. Með þessu móti fá varastjórnarmenn tækifæri til að fylgja eftir málum þingsins til nefnda. Einnig mættu varamenn á marga fundi stjórnar.

Einn starfsmaður er í fullu starfi Sigurður Ragnarsson sem starfað hefur hjá samtökunum í rúm tvö ár, auk þess starfar á skrifstofu stúlka í hluta starfi við símavörzlu og við vélritun. Þá fluttist "Hesturinn okkar" í sama húsnæði að Snorrabraut 54, en við blaðið starfar í hlutastarfi Valdimar Kristinsson, en samtenging skrifstofu L.H. og útgáfu "Hestsins okkar" er báðum styrkur.

Skrifstofan er opin á almennum skrifstofutíma frá k. 9-5. Félögin hafa í vaxandi mæli notfært sér skrifstofuna. Þá hefur skrifstofan útvegað ýmsa starfsmenn í tímabundin verkefni svo sem reiðkennara dómara og fleiri starfsmenn.

Framkvæmdastjóri Sigurður Ragnarsson hefur setið flesta nefndarfundi hinna ýmsu nefnda er starfa á vegum L.H. auk þess hefur hann stundum einn eða með stjórnarmönnum farið á ýmsa fundi út um landið með myndir eða annað fræðsluefni. Þá tekur útgáfa auglýsingablaðsins "Hestar" mjög verulegan tíma, því fæstir vita aðrir en þeir sem í hafa komist hve ótrúlega tímafrekt það er að safna auglýsingum og efni í blað sem þetta. Þá teljum við í stjórninni að nauðsynlegt sé að afla tekna, utan fastra árgjalda, því blaðið gefur óneitanlega verulegar tekjur fyrir samtökin. Þá var haldið áfram útgáfu fréttablaðsins "Með jóreiknum" en það blað er gefið út til að koma fréttum frá stjórn og skrifstofu með sem fljótvirkustum hætti út til félaganna.

Á árinu var ráðist í að setja á myndbönd landsmótin 1978 og 1982 auk þess er verið að vinna að því að setja myndirnar frá 1950 og 1954 á myndbönd. Þá var sett þýskt tal við myndina frá 1982 til sölu erlendis. Nokkur sala er í þessum myndum og eru félögin hvött til að fá sér myndirnar.

Á s.l. vetri fór stjórnin fram á við Steinþór Gestsson fyrrverandi formann að hann skrifaði sögu L.H. en samtökin eru 35 ára um þessar mundir. Steinþór tók málaleitaninni vel og er þegar byrjaður á verkinu sem samtökin þakka. Þó 35 ára aldur sé ekki hár þá er ómetanlegt að fá söguna ritaða af jafn nákunnugum manni áður en atburðir fyrnast. Fullljóst er að samtök á borð við L.H. hafa fulla þörf á að reka skrifstofu sem er miðpunktur um allt er varðar hestamennsku og félagslega þætti hennar, enda hafa aðildarfélögin óspart notað sér þá aðstöðu til upplýsingar og þjónustu.



## 3 AUGLÝSINGA- OG KYNNINGABLAÐIÐ HESTAR III. ÁRG. 1984

Útgáfa blaðsins varð að veruleika í júní 1982 og hefur verið reynt að halda uppi útgáfu frá þeim tíma og gefið út eitt blað á ári 40 bls. Sem auglýsingablað er það að mestu leyti byggt á auglýsingum og hefst söfnun þeirra strax í jan.-febr. ár hvert.

Reynt er að fylla blaðið með ýmsum fréttum, myndum og greinum af atburðum og málefnum úr samtökum hestamanna og reynt að afla fanga sem víðast.

Segja má að 1.tbl. 3. árg. 1984 hafi verið besta blaðið til þessa m.t.t. greina og sem tilraun til að skapa lifandi blað. Útgáfa þess stóðst nokkurn veginn tímaáætlun og kom það út í tengslum við Hestadagana í Garðabæ. Dreifing blaðsins var einnig önnur en verið hefur en það var sent út skv. tölvuskrá félaganna og líklega dreift þannig um 8000 eintökum. 2000 eintökum var dreift á Hestadögum, en upplag blaðsins var um 13.500 eintök. Allmiklu magni var einnig dreift á helstu umferðastöðum í Reykjavík og einnig út á landi.

Heildartekjur vegna auglýsinga voru samtals um kr. 400.000,-, kostnaður var um kr. 250.000,-. Þannig skilaði útgáfan um kr. 150.000,- til samtakanna.

Auglýsingasöfnunin er tímafrek og satt að segja ótrúlegt að þetta skuli takast í hvert sinn, þar sem undirtektir eru sjaldan afgerandi og stöðugt þarf að höggva í sama knérunn til að hafa upp úr krafsinu.

Ýmsar hugmyndir eru á lofti um framkvæmd útgáfu og ástæða til að spyrja hvort þetta sé heppilegasta form útgáfu. Um það verður ekki rætt að sinni, en þess óskað að allir leggi sig fram um að afla auglýsinga og efnis í næsta blað, enda byggist rekstur samtakanna að nokkru á blaðinu.

Hér með er öllum þakkað sem lögðu eitthvað að mörkum til blaðsins og gerðu útgáfu þess mögulega.

## 4 "HESTURINN OKKAR"

Miklar breytingar hafa orðið á útgáfu "Hestsins okkar" frá síðasta ársþingi. Blaðið hefur haft vistaskipti. Það hafði í mörg ár aðstöðu í Félagsheimili Fáks við Elliðaár, en um mánaðamótin febr/marz s.l. flutti afgreiðsla blaðsins og ritstjórn í stöðvar L.H. að Snorrabraut 54.

Hefur þar fengist þokkaleg geymsluaðstaða fyrir blaðakostinn, en starfsmaður blaðsins hefur enn sem komið er haft aðstöðu á skrifstofu L.H. en verið er að svipast um eftir auknu húsnæði.

Þessi breyting hefur þegar gefið góða raun. Blaðið nýtur stuðnings skrifstofu L.H. og efalaust á þessi samvinna eftir að styrkjast meir, þegar frá líða tímar og þetta fyrirkomulag hefur fest meir í sessi. Við þessi þáttaskil þakkar ritnefnd og starfsmenn "Hestsins okkar" Hestamannafélaginu Fáki gott nábýli og ánægjulegt samstarf.

Við upphaf nýs árgangs 1984, sem jafnframt er 25. árgangurinn, var ráðinn ritstjórnarfulltrúi að blaðinu, Valdimar Kristinsson úr Mosfellssveit. Hann annast afgreiðslu blaðsins, efnisöflun, fjárreiður og umsýslu aðra. Nýtt fólk hefur gengið til liðs við ritnefndina á árinu; Bragi Björgmundsson, Stormi, Gunnar Jónsson, Freyfaxa og Sigrún Sigurðardóttir, Gusti. Þetta fólk er boðið velkomið til starfa um leið og allir þeir, sem lagt hafa blaðinu lið á síðastliðnu starfsári eru þökkuð störf í þágu blaðsins okkar "Hestsins okkar".



## 5 SKÓGARHÓLAR OG ÞINGVALLANEFND

Svo sem flestum er kunnugt þá liggur fyrir Þingvallanefnd samningsuppkast til samþykktar, sem þeir unnu að í sameininu, þjóðgarðsvörður og framkvæmdastjóri L.H. Þetta uppkast hefur verið nokkuð lengi til umfjöllunar hjá Þingvallanefnd og enn liggur ekki fyrir hvort það verður staðfest í þessari mynd. Um það hefur verið fjallað af stjórn L.H. og líklegt er að það verði samþykkt í öllum meginatriðum.

Á þessu stigi er ekki hægt að birta samkomulagið, en á grundvelli þess var tekið upp samstarf við þjóðgarðinn og byggt á nokkrum forsendum samkomulagsins.

1. Landssamband hestamannafélaga ræður starfsmann til umsjónar og eftirlits með svæðinu. Hann fái greidd laun frá þjóðgarðinum, en eftirvinna og aukavinna greiðist af L.H.

2. Settar verði upp leiðbeiningar um umgengni og umferð.

3. Heimilt sé að taka gjald fyrir áningu og tjaldstæði.

Á þessum þáttum hefur nú verið byggt í allt sumar og hefur það samstarf verið ákaflega farsælt. Samtökin voru heppin með starfsmann á Skógarhólum, Gísla Jónsson, Kjalarnesi, sem öllum er að góðu kunnur. Eru honum færðar sérstakar þakkir hér fyrir gott starf.

<u>Umferðin</u> á Skógarhólum var nokkuð mikil og í flestum atriðum árekstarlaus. Tekið var gjald fyrir hvern hest og auk þess gjald fyrir tjald, án tillits til fjölda gesta í tjaldi.

<u>Hesthúsin</u> á Skógarhólum voru til afnota þeim sem á svæðinu gistu og meðan rúm leyfði.

<u>Vatnslögn</u> var sett á svæðið og endurbætt og í fyrsta sinn í sögu Skógarhóla var vatn til þvotta og brynninga allt sumarið.

<u>Girðingar</u> voru gerðar hestheldar og reynt að halda við milligirðingum.

<u>Gisting í skála</u> var ávallt heimil og þess krafist að vel væri gengið um. Var það virt í hvívetna. Þá var endurbætt frekari aðstaða til gistingar undir þaki.

<u>Sorpílát</u> voru tæmd reglulega tvisvar í viku og svæðið jafnframt hreinsað vandlega eftir hverja helgi. Komu því gestir aldrei að svæðinu í slæmu ástandi.

Vörslumaður hafði sérstakt aðsetur í skála sem fenginn var að láni frá Vegagerð ríkisins. Var hann staðsettur utan svæðis.

Reynslan hefur einnig sýnt að full ástæða var til þess að hafa umsjón með svæðinu, því rusl var ótrúlega áberandi strax ef ekkert var að gert. Þá var einnig nokkuð um það að óskilahestar voru hafðir í vörslu tímabundið þar til eigendur fundust. Grasköggglar voru ávallt til sölu og hey ef einhver vildi og talsvert notað framan af sumri meðan gróður var að komast á strik.

Áburðardreifing fór fram í júnílok og aftur í júlílok. Dreift var með traktor og dreifara á allt flatlendi innan girðinga, en flugvél dreifði áburði og fræi á skóginn og brekkurnar. Þetta var gert í samvinnu við Landgræðslu ríkisins. Raunhæft er að segja að á næstu árum þurfi að bera á árlega 4-6 tonn miðað við álag sumarsins.

Beitin var nokkuð lengi að komast á strik, enda liggur landið nokkuð hærra en láglendið við Reykjavík. Gróður var því styttra á veg kominn. Beit var skipulögð strax í upphafi og ákveðin hólf ýmist friðuð alveg eða nýtt eingöngu. Verður ekki annað sagt en að allar framkvæmdir og aðgerðir hafi mælst vel fyrir.

Ólafur Dýrmundsson, landnýtingarráðunautur var fenginn til að gera úttekt á svæðinu og taldi hann að sumarið hafi sýnt svo ekki verður um deilt að ráðning starfs- og vörslumanns hafi markað tímamót í starfsemi L.H. á Skógarhólum. Verður áfram haldið á sömu braut næsta sumar og ræst fram. Næstu verkefni verða: Hreinlætisaðstaða er nauðsynleg og verður byggð í einhverri mynd.
Milligirðingar og hólfaskipting verður aukin. Vatnslögn endurbætt eftir þörfum. Áburðardreifingu haldið áfram og svæðið grætt upp enn frekar. Tökuhólf og réttin verða endurnýjaðar. Til að þetta megi verða er æskilegt að hestamannafélögin í nágrenni Skógarhóla af Reykjavíkursvæði og Suðurlandi leggi fram nokkur dagsverk við lagfæringar, en tryggi sér þar á móti afnot af svæðinu eina helgi hvert. Staðurinn verði áfram í umsjá L.H. sem reki hann sem áningarstað fyrir hestamenn, í samvinnu við þjóðgarinn á Þingvöllum.

Að lokum er ástæða til að hvetja alla þá hestamenn sem unna ferðalögum á hestum að nota sér þann áningarstað sem L.H. hefur nú gert að veruleika. Þá kæmi einnig til álita að koma á námskeiðum og fleiru á þessum fagra stað.



Réttin var endurbætt og hlið og grindur, auk steinhleðslu endurbætt. Var því réttinni skilað í fullkomnu ásigkomulagi eftir álag sumarsins.
Samtals má áætla að um 1000- 1200 hross hafi haft viðdvöl í Skógarhólum í sumar og er þá reynt að áætla hve margir fóru um án þess að staðfest væri, þá daga sem vörslumaður var ekki á svæðinu. Mesta umferðin var í kring um Fjórðungsmótið á Kaldármelum fyrir og eftir, auk þess em hópar frá ýmsum hestamannafélögum höfðu viðdvöl. Rigning dró þó nokkuð úr komu manna og hesta til Þingvalla.
Óhætt er að segja að eftir þetta sumar er um að ræða einn besta áningarstað á landinu, sem á eftir að batna enn frekar.

Húsin hafa öll verið endurbætt og settar lokur á hurðir og gerð vind- og vatnsheld.

## 6 ÝMIS NÁMSKEIÐ L.H.

Auk leiðbeinendanámskeiðs L.H. voru haldin nokkur önnur námskeið og ráðstefnur svo sem ráðstefna gæðingadómara.

Var hér um að ræða ráðstefnu sem haldin er annað hvert ár og ætluð sem upprifjun á reglum gæðingadómara og til samanburðar á ýmsum málum er dóma og framkvæmd varðar.

Ráðstefnan var ekki nægilega vel sótt framan af en rættist þó úr.

Niðurstaða hennar varð sú, að ástæða var talin að breyta einkunn í skeiði á þá lund að "vægi þess að taka hest til skeiðs af stökki verði lækkuð úr 10,0 - 9,5 og starfsreglum breytt í samræmi við það".

Í umræðu um breytingar á reglum um gæðingakeppni, kom fram sú skoðun að þær reglur væru nú í nokkuð föstum farvegi og ekki ástæða til þess að svo stöddu að breyta um of, né of ört. Réttara væri að dómarar fengju að þjálfa sig meira og starfa samkvæmt reglunum um skeið.

Var talið nauðsynlegt að halda svona ráðstefnu annað hvert ár og ræða um störf dómara, reglur og atriði er varða framkvæmd dóma og keppendur.

## 7 UM REIDSKÓLA OG NÁMSKEIÐ

Stöðugt heldur umræðan áfram um reiðskóla og ljóst er að næsta stórverkefni hlýtur að vera að koma á fót slíkri stofnun. Örlítil tilraun í þessa veru hefur verið gerð af hálfu L.H. á undanförnum árum og nú síðast í Kópavogi í vor.

Auglýst var námskeið fyrir leiðbeinendur byrjenda í hestamennsku og sóttu það námskeið 12 leiðbeinendur, allt áhugasamt hestafólk sem flest hefur fengist við leiðbeiningar heima fyrir í sínu félagi.

Leiðbeinandi á þessu námskeiði var Eyjólfur Ísólfsson, auk nokkurra leiðbeinenda sem fengnir voru að, leiðbeinandi frá Rauðakrossi Íslands, umferðarlögreglu og starfandi reiðkennarar o.fl.

Markmið þessa námskeiðs er að útskrifa leiðbeinendur sem geta komið til starfa innan hestamannafélaganna í tengslum við æskulýðsstörf sveitarfélaganna.

Á næstu árum verður reynt að móta reiðkennsluna í landinu í samræmi við tillögur nefndar sem sérstaklega var skipuð af stjórn L.H. á þessu starfsári og væntanlega verður hægt að kynna hugmyndir hennar fljótlega að loknu ársþingi. Þá verður áfram unnið að undirbúningi að Reiðskóla til eflingar hestamennskunni í landinu.

## 8 FÁNAR, MERKI, FÉLAGSBÚNINGAR

Enn hafa ekki öll félög fengið sér félagsbúninga. Eins og málin standa í dag fer verulega að þrengjast um litaval. Reynt hefur verið að hafa liti ekki of líka hjá nágrannafélögum.

Ástæða er því til að benda þeim félögum á sem ætla að fara út í nýja félagsbúninga, að ráðfæra sig við skrifstofu L.H. um möguleika á úrvali áður en endanleg ákvörðun liggur fyrir.

Fánar hestamannafélaganna eru einnig sá hlutur sem tengir félögin saman út á við.

Er þess óskað hér með við félögin að þau sendi inn fána sína, eða láti gera fána með félagsmerki og sendi skrifstofu samtakanna. Þá væri hægt að gefa út skrá með myndum af félagsbúningi, félagatali og merkjum félaganna.



## 9 FRÆÐSLUFERÐIR OG SVÆÐISFUNDIR

Nokkuð var reynt á s.l. vetri að halda uppi heimsóknum í félög út á landi. Farnar voru ferðir, ýmist stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri L.H.

Þessar ferðir skiptust í fræðsluferðir og svæðisfundi. Á svæðisfundum mæta gjarnan stjórnarmenn L.H. ásamt formönnum og stjórnarmönnum viðkomandi félaga, auk annarra sem áhuga hafa. Slíkir fundir voru haldnir á Hornafirði, Bolungarvík og Egilsstöðum, auk þess sem formannafundur var haldinn á Selfossi í mars.

Fræðslufundir eru haldnir í félögum og þar mætir framkvæmdastjóri L.H. eftir atvikum, sýnir kvikmyndir og fjallar um málefni L.H. og félagsleg tengsl.

Um þessa fundi má almennt segja að þátttaka á þeim er æði misjöfn. Helst er að kvikmyndir höfði til manna og auki á fundarsóknina.

Fullur áhugi er innan stjórnar L.H. að halda uppi heimsóknum og tengslum við félögin út um land.

Þeir staðir sem heimsóttir voru ýmist með fræðslu- eða svæðisfundi voru:

Fræðsla: Reykjavík, Fákur, Mosfellssveit, hestaklúbbur skólans, Selfoss, Sleipnir, Landssveit, Geysir, Akureyri, Léttir, Neskaupstaður Blær. Reykjavík - Mosfellssveit Rotaryklúbbar.
Selfoss, formannafundir.

Hér er full ástæða til að hvetja félögin til að hafa samband við skrifstofuna um þessi mál til að hægt sé að skipuleggja heimsóknir í félög á næsta vetri.

## 10 NÝTT FÉLAG Í L.H.

Stjórn L.H. samþykkti aðild nýs félags í L.H. Félagið heitir Svaði á Hofsósi og nær félagssvæðið frá Fljótum að Hólahreppi, en lögheimili félagsins er Hofsós og megin fjöldi félagsmanna skráður þar. Félagið var stofnað 14/2 1984 og telur 68 félagsmenn. Var aðild þessa nýja félags einróma samþykkt og félagið boðið velkomið inn í samtökin.

## 11 ÚTGÁFA - BÆKLINGAR

Um skeið hefur útgáfa L.H. staðið í stað, og má vera að búið hafi verið að metta markaðinn. Útgáfa smárita gaf góða raun og nú verður áfram haldið á þeirri braut.

Smárit L.H. eru fyrst og fremst leiðbeiningarit og nú á næstunni koma út rit um járningar, fóðrun og upplýsingar til barna og unglinga um hirðingu og meðferð hesta.

Lög og reglur hafa verið endurskoðaðar og er til sölu hjá skrifstofu L.H. ný útgáfa af þeim reglum sem tekið hafa breytingum. Þá er ýmislegt fleira til sölu hjá skrifstofu L.H. hestalitir, hestaskírteini svo eitthvað sé nefnt.

## 12 MYNDBÖND, ÚTGÁFA - KVIKMYNDIR

Á síðasta þingi var ákveðið á fjárhagsáætlun að veita kr. 50.000,- til gamalla kvikmynda og gefa þær út á myndsnældum.

Þetta hefur verið framkvæmt og má segja að þær myndir verði senn tilbúnar. Fyrstu landsmótsmyndir L.H. 1950 - 1954 verða nú settar á eina snældu og reynt að hafa hana til sölu um eða eftir áramótin næstu.

Landsmót 1978 - 1982 voru sett á snældu og hefur sala á þeim verið nokkuð góð. Landsmót 1982 var einnig gefið út á þýzku og er nokkur eftirspurn eftir þeim.

Líklegt er að myndbandaútgáfa verði nokkur á næstu árum hjá L.H. og vonandi að það mælist vel fyrir hjá hestamönnum innanlands sem utan og að slík útgáfa verði ómissandi þáttur í kynningu hestsins og hestamennskunnar.

## 13 KVIKMYNDIR

L.H. hefur hætt að lána út kvikmyndir. Ástæðan fyrir því er sú að sumar kvikmyndanna voru farnar að láta á sjá, auk þess sem nokkrar eru aðeins til í einu eintaki sem oft er frumeintak.

Stefnt er að því að laga þessar kvikmyndir og gefa út á myndböndum. Áhugi hestamanna sjálfra á þessum myndböndum er þó forsenda þessarar framleiðslu.



## 14 MÓTASKRÁ L.H.

Mótanefndin hefur eins og áður haft með að gera allt er varðar mót, auk umfjöllunar á ýmsum þáttum kappreiða og ýmissa keppnisgreina. Nefndarmenn hafa verið að störfum á ýmsum kappreiðum til að kynna sér hvað megi færa til betri vegar í framkvæmd kappreiðanna. Ýmsar tillögur hafa komið fram sem ekki er enn búið að vinna endanlega úr og bíður sumt næstu nefndar, má þar nefna keppnisvelli.

Þar sem óskað var eftir við félögin að þau sendu inn vottorð um mælingu valla og gengju tryggilega frá mælingapunktum í mismunandi hlaupum (vegalengdum). Þá var einnig óskað eftir uppdráttum af völlunum og ber að senda öll þessi gögn til skrifstofu L.H.

## 15 NIÐURRÖÐUN MÓTSDAGA 1984

Þrátt fyrir að óskað væri eftir tillögum um mótsdaga frá félögunum eigi síðar en 20. jan. þ.á., þá voru umsóknir að berast fram eftir vetri. Þetta hafði það í för með sér að erfitt var að hnika til nokkrum mótum sem öll eða flest áttu það sameiginlegt að bera upp á sömu daga á sömu svæðum. Þá setti það einnig strik í reikninginn að nú voru tvö fjórðungsmót í ár, á Austur- og Vesturlandi.

Flest málin gengu upp eftir viðræður og samkomulag, en setja varð fram ákvæði af hálfu stjórnar L.H. um það að ekki skulu haldin önnur mót félaga þær helgar sem fjórðungs- eða landsmót eru haldin. Þessa reglu virtu félögin og vonandi að hún verði höfð að leiðarljósi í framtíðinni.

Niðurröðun mótsdaga er vandasamt verk, sem margoft verður að endurskoða. Hafa ber í huga að mótanefnd áskilur sér allan rétt til að fyrirbyggja árekstra um mótsdaga með viðræðum, samkomulagi eða einhliða ákvörðun ef ekki dugir annað. Rétt er því að minna á að frestur um mótsdaga er nú til 1. febrúar og eru félögin vinsamlegasg beðin að senda inn skýrslur fyrir þann tíma.

16 FRÁ FULLTRÚA L.H. Í "REIÐHALLARNEFND".

Á búnaðarþingi 1983 var samþykkt ályktun þess efnis að stefna bæri að byggingu Reiðhallar á höfuðborgarsvæðinu.

30. janúar 1984, var haldinn fundur félaga er áhuga hefðu á málinu. Þar var kosin nefnd til að vinna að undirbúningi málsins. Í þessari nefnd voru sex fulltrúar frá Búnaðarfélagi Íslands, Hagsmunafélagi Hrossabænda, Félagi Tamningamanna, Hestamannafél. Fák, fulltrúi frá öðrum hestamannafélögum á höfuðborgarsvæðinu og frá L.H. Gísli B. Björnsson. Formaður nefndarinnar er Magnús Sigsteinsson B.Í. og framkvæmdastjóri L.H. Sigurður Ragnarsson hefur unnið með nefndinni. Nefndin vann að staðarvali, auk þess að gera frumteikningar að byggingu og kostnaðaráætlun og gaf út ýtarlega greinagerð um notkun byggingu og rekstur "Reiðhallar í Víðidal í Reykjavík".

20. maí 1984, var boðað til undirbúningsfundar um stofnun "Reiðhallar" og þar lagði nefndin fram gögn sín og drög að stofnsamningi. Á þessum fundi kom fram ákveðinn vilji allmargra samtaka að vinna að málinu, vinna að ákveðnum fjárloforðum og aðild. Nefndinni var falið að vinna áfram að málinu og stefnt að stofnfundi í nóvember.

Í tillögu nefndarinnar er gert ráð fyrir 2500 $m^2$ byggingu með 1200 $m^2$ reiðvelli. Áætlað er að 800 - 900 áhorfendur rýmist við völlinn. Fundar og kennsluaðstaða fyrir 50 - 100 manns og aðstaða verður fyrir hesta utan vallar. Húsið ætti einnig að geta hýst ýmsar aðrar samkomur t.d. sýningar. Áætlaður kostnaður við bygginguna fullbúna er 20 milljónir, talað er um að hluthafar leggi fram 10 milljónir annað verði reynt að fá sem framlög og lánsfé. Talað er um að stefna að því að húsið verði risið 1987.

(Allar nánari upplýsingar má fá hjá Reiðhallarnefnd).

Þess er vænst að sem flest hestamannafélög gerist hluthafar.



17 SAGA L.H.

Á fyrsta stjórnarfundi starfsársins var því máli hreyft, að æskilegt væri að hefja undirbúning að ritun sögu L.H., bæði aðdraganda að stofnun samtakanna og 35 ára sögu þeirra.

Stjórnin var svo lánsöm, að Steinþór Gestsson, fyrrverandi form. L.H. tók að sér þetta vandasama verk.
Steinþór er manna kunnugastur þessu tímabili og prýðilega ritfær. Hefur þessu verki miðað vel fram og er þess að vænta að það verði gefið út á næsta ári.

18 F.E.I.F. samstarfsnefnd: Nefndina skipa:

Stefán Pálsson, Kópavogi
Gunnar Bjarnason, Mosfellssveit
Birna Baldursdóttir, Reykjavík
Þorvaldur Ágústsson, Hvolsvelli
Sigurður Ragnarsson, Mosfellssveit

Nefndin hefur fjallað um ýmis málefni sem varða samstarf við F.E.I.F., sérstaklega mál vegna aðalfundar og ráðstefna. Rætt hefur verið um breytt fyrirkomulag á aðild Íslendinga að F.E.I.F., m.a. að L.H. verði aðalfulltrúi Íslands útávið.

Var nokkuð rætt um væntanlegar breytingar í stjórn, og hugsanlega fulltrúa Íslands í stjórn áfram. Kom fram að Pétur Behrens gæfi ekki kost á sér og ætti því Ísland engan fulltrúa í stjórn. Þótti sú staða ekki álitleg og ekki var heldur ljóst að nokkur fulltrúi Íslands væri tiltækur í stjórn með þeim stutta fyrirvara sem var í tilnefningu.

Á aðalfundi F.E.I.F. þróuðust mál þó þannig að Sigurður Ragnarsson gaf kost á sér í stjórn og fékk kosningu í starf ritara. Má segja að með þessu móti hafi málinu verið bjargað, en mikið verk er þó fyrir höndum í frekara samstarfi.

Með kosningu Sigurðar Ragnarssonar í stjórn, verður Ísland nú að tilnefna einn til tvo nýja fulltrúa til setu á aðalfundi, þar sem stjórnarmenn hafa ekki atkvæðisrétt, og mega ekki fara með umboð eða atkvæði á fundinum.

## 19 STARFANDI NEFNDIR Á VEGUM L.H.

Fræðslunefnd: Í nefndinni eiga sæti:

Guðmundur Jónsson, Mosfellssveit
Gísli B. Björnsson, Reykjavík
Kristbjörg Eyvindsdóttir, Reykjavík
Sigurður Oddur Ragnarsson, Borgarfirði
Sigurður R. Ragnarsson, Mosfellssveit.

Nefndin hefur fjallað um fræðslumál innan L.H. og unnið að skipulagi námskeiða, auk útgáfustarfsemi. Á vegum nefndarinnar er nú unnið að útgáfu nokkurra bæklinga, auk myndbandaútgáfu og lista yfir fyrirlesara og námskeið. Skrifstofa L.H. starfar með nefndinni.

Gæðinga- og unglinganefnd.

Gæðinga og unglinganefnd L.H. hefur starfað á s.l. starfsári í samræmi við það sem telst meginverkefni hennar þ.e. að framkvæma og skipuleggja þær samþykktir, sem ársþing samþykkja og vinna að endurbótum og samræmingu á keppnisreglum og gera tillögur um framkvæmd dóma og námskeiða, auk þess að standa vörð um gildandi reglur.

Á vegum gæðinga og unglinganefndar var efnt til dómaranámskeiðs á Austurlandi nánar tiltekið á Hornafirði dagana 13.-14. apríl þar sem útskrifaðir voru 16 nýir félagsdómarar og auk þess sátu það nokkrir dómarar til að endurnýja dómréttindi sín.

Þá var haldið í Reykjavík dagana 27.-29. apríl Landsdómararáðstefna hvar landsdómarar komu saman til samhæfingar og báru saman bækur sínar. Þar voru flutt erindi, sýndar myndir og almennar umræður á eftir þar að lútandi og ályktanir gerðar. Sigurður Haraldsson var forstöðumaður námskeiðsins á Hornafirði og ráðstefnunnar í Reykjavík.

Að tilstuðlan nefndarinnar var haldin kynning á gæðingadómum, sem fólst í því að Jón Guðmundsson formaður dómarafélags L.H. hélt fundi sérstaklega í tengslum við fjórðungsmót sumarsins. Þar sýndi hann valdar videómyndir og skýrði dóma ásamt því að svara fyrirspurnum. Meðal annars var haldinn svona fundur með nemum búnaðarskólans á Hvanneyri í stað dómaranámskeiðs.

Brýna nauðsyn ber til að efla þennan þátt á komandi árum og halda skýringafundi fyrir hinn almenna hestamann um gildandi reglur og gera menn að betri sýnendum í keppni.



Ferðanefnd: Nefndina skipa:

Hjalti Pálsson, Reykjavík
Stefán Pálsson, Kópavogi
Sveinbjörn Dagfinnsson, Reykjavík
Ólafur Þórðarson, Reykholti
Valdimar Jóhannesson, Reykjavík

Nefndin hélt áfram að safna efni í væntanlega bók um leiðarlýsingar helstu leiða milli Þjórsár og Hvítár í Borgarfirði. Árni Þórðarsonn vann fyrir nefndina við endurskoðun á texta, við því starfi tekur nú Hjalti Jón Sveinsson. Samningar eru í gangi við bókaforlagið Örn og Örlyg um útgáfu.

Reiðskólanefnd: Nefndina skipa:

Sigurður Haraldsson, Hellu
Rósmary Þorleifsdóttir, Gnúpverjahreppi
Ragnheiður Sigurgrímsdóttir, Stokkseyri
Bjarni E. Sigurðsson, Þorlákshöfn
Þorvaldur Ágústsson, Hvolsvelli

Nefndin vinnur að tilhögun um Reiðskóla og skipulagningu og samræmingu á reiðkennslu í landinu.

Nefndin mun leggja fram til kynningar tillögur um málið sem unnið verður eftir áfram um þróun þessara mála á næstunni.

Reiðhallarnefnd: Nefndina skipa:

Magnús Sigsteinsson, Mosfellssveit, B.Í.
Sigurður Líndal, Lækjarmóti, Hún. H.H.
Gísli Ellertsson, Meðalfelli, Kjós. Önnur fél. í nágr. Rvíkur.
Eyjólfur Ísólfsson, Reykjavík, F.T.
Birgir R. Gunnarsson, Reykjavík, Fáki.
Gísli B. Björnsson, Reykjavík, L.H.

Nefndin hefur gert drög að stofnsamningi vegna Reiðhallarinnar, og hélt stofnfund 20. maí s.l. Var ákveðið að halda annan stofnfund í nóvember að loknu ársþingi L.H. og stofna þá rekstrarfélag um sameignina "Reiðhöllin" sem hefur það að markmiði, að hýsa reiðkennslu, námskeið, sýningar og annað er viðkemur hestamennsku og getur orðið henni til framdráttar á sem flestum sviðum. Skrifstofa L.H. starfar með nefndinni.

Hesthúsbygginganefnd: Nefndina skipa:

Jóhannes Guðmundsson, Reykjavík
Magnús Sigsteinsson, Mosfellssveit
Jón Ásbjörnsson, Mosfellssveit
Reynir Vilhjálmsson, Reykjavík
Páll Magnússon, Reykjavík

Útgáfa bæklings um hesthúsbyggingar í sjónmáli, væntanlegur um næstu áramót. Hefur nefndin fengið til liðs við sig Byggingastofnun landbúnaðarins og Pétur Behrens um aðstoð við útgáfu bæklingsins. Skrifstofa L.H. starfar með nefndinni.

Móta- og kappreiðanefnd: Nefndina skipa:

Skúli Kristjónsson, Borgarfirði
Hallgrímur Jóhannesson, Keflavík
Ágúst I. Ólafsson, Hvolsvelli
Þorvaldur Þorvaldsson, Kópavogi
Guðmundur Steindórsson, Selfossi
Guðmundur Þorleifsson, Egilsstöðum
Jónas Vigfússon, Eyjafirði

Nefndin hefur á sínum fundum fjallað um vallarframkvæmdir og skipulag á kappreiðum. Mun gera tillögur þar að lútandi til ársþings. Sá um niðurröðun mótsdaga og staðfesti Íslandsmet í 300 m stökki og 150 m skeiði.

Vill taka fastari tökum agavandamál á kappreiðum. Telur æskilegt að halda námskeið fyrir kappreiðadómara. Skrifstofa L.H. starfar með nefndinni.

Framkvæmdanefnd vegna Landsmóts 1986: Nefndina skipa:

Gunnar Jóhannsson, Ásmundarstöðum, Rang.
Bjarni Ansnes, Flúðum, Árn.
Sigurður Haraldsson, Hellu, Rang.
Hreinn Árnason, Kópavogi,
Örn Ingólfsson, Reykjavík

Nefndin hefur þegar hafið undirbúningsstarf og nefndarmenn fengist við ýmis störf innan nefndarinnar. Rætt hefur verið við hestamannafélagið Geysi um afnot af svæðinu og áætlun um ýmsar framkvæmdir og skipulag liggur fyrir. Skrifstofa L.H. starfar með nefndinni.



E.M. nefnd 1985:

Nefndin hefur ekki skilað af sér formlega, en ljóst er að um 10.000,- kr. halli varð vegna úrtöku og þátttöku keppenda.
Næsta E.M.-nefnd hefur ekki enn verið skipuð, en stjórn L.H. sendi formanni íþróttaráðs L.H. 1983 bréf, þar sem þess var óskað að E.M.-nefnd lyki störfum og skilaði af sér, og að ný nefnd verið skipuð svo fljótt sem verða má til að undirbúningur geti orðið með nægum fyrirvara vegna E.M. 1985.
Næsta E.M. verður í Svíþjóð í ágúst 1985.

Aganefnd: Nefndina skipa:

Ragnar Tómasson, Reykjavík
Birgir Guðmundsson, Selfossi
Guðmundur Jónsson, Reykjavík

Nefndin hefur til umfjöllunar agareglur, sem nota mætti við hinar ýmsu keppnisgreinar L.H. Stefnt er að því að semja agareglur sem beita mætti af dómaranefndum í viðkomandi keppnisgreinum, auk þess sem stjórn L.H. gæti skipað nokkurs konar yfirdómstól. Þá mun reynt að hafa pappírsvinnu í lágmarki, mál fengju fljóta afgreiðslu og nokkuð öruggt að agabrot yrðu afgreidd með skjótum hætti og af öryggi.

Sýningarnefnd B.Í. Nefndina skipa:

Þorkell Bjarnason, B.Í.
Skúli Kristjónsson, L.H.
Leifur Jóhannesson, B.Í.
Sveinn Guðmundsson, L.H.
Einar E. Gíslason, B.Í.

Nefndin vinnur að framkvæmd tillagna um kynbótasýningar, einkunnir og skráningar kynbótahrossa. Sú breyting varð á í nefndinni að Skúli Kristjónsson tók sæti Sigurðar Haraldssonar sem fulltrúi L.H. í nefndinni. Frá nefndinni kemur nú fram tillaga um breytt fyrirkomulag á fjórðungsmótum vegna vandkvæða með fjórðungsmót á Austur- og Vesturlandi á sama ári.

Samstarfsnefndir við Vegagerð ríkisins:

L.H. á tvo fulltrúa í öllum landsfjórðungum skv. kjördæmaskipan og hafa þeir gefið ábendingar um framkvæmdir vegna reiðvega og nýlagna við bundið slitlag á vegum. Æskilegt er að hver samstarfsnefnd sendi skýrslur til L.H. fyrir 1. okt. ár hvert um framgang mála, úrbætur og áætlun.

Nöfn og heimilsföng manna á vegum hestamannafélaga og L.H. í samstarfi við Vegagerð ríkisins um gerð reiðvega.

| | |
|---|---|
| í Reykjanesumdæmi: | Einar E. Sæmundsen<br>Bergstaðastræti 52, 101 Reykjavík, s: 91-2 16 94 |
| | Jón Leví Tryggvason<br>Grýtubakka 12, 109 Reykjavík, s: 91-7 28 41 |
| í Vesturlandsumd.: | Skúli Kristjónsson<br>Svignaskarði, 311 Borgarnes, s: 93-7111 |
| | Elís Jónsson<br>Kjartansgötu 20, 311 Borgarnes, 93-7145 |
| í Vestfjarðarumd.: | Jón Guðjónsson<br>Ytri - Veðraá, 425 Flateyri, s: 94-7764 |
| | Ingi Garðar Sigurðsson<br>Reykhólum, Barðaströnd, 380 Króksfjarðarnes, sími um Króksfj.nes. |
| | Bragi Björgmundsson<br>Heiðabrún 10, 415 Bolungarvík |
| í Norðurlands V.: | Kristján Sigfússon<br>Húnsstöðum, 451 Blönduós, s: 95-4285 |
| | Friðrik Guðmundsson<br>Hólmagrund 10, 550 Sauðárkrókur, s: 95-5352 |
| í Norðurlands A.: | Jónas Vigfússon<br>Litla Dal, 601 Akureyri, s: 96-2 31 00 |
| | Páll Alfreðsson<br>Klettagerði 5, 600 Akureyri, s: 96-2 16 03 |
| í Austurlandsumd.: | Ingimar Sveinsson,<br>Egilsstöðum IV, 700 Eglsstaðir, s: 97-1153 |
| | Ásgrímur Halldórsson<br>Hvannabraut 6, 780 Höfn, s: 97-8228 |
| í Suðurlandsumd.: | Gunnar Jóhannsson<br>Ásmundarstöðum, 850 Hella, s: 99-5906 |
| | Gústaf Lilliendahl<br>Tryggvagötu 14, B, 800 Selfoss, s: 99-1965 |

"Þessum mönnum er ætlað að starfa eftir því samkomulagi sem L.H. hefur gert við Vegagerð ríkisins um gerð reiðvega og skulu þeir vinna að lausn á umferðarmálum ríðandi manna, þar sem gerðar eru akbrautir með bundnu slitlagi og semja álitsgerðir þar um, er lagðar skulu fyrir hönnunaraðila.

Samstarfsnefnd skal jafnan eiga aðgang að upplýsingum um áformaða reiðvegi hjá hönnunaraðila

## REKSTRARREIKNINGUR 1983

| Tekjur: | 1983 | 1982 |
|---|---|---|
| Áskrift og lausasala ................. | Kr. 915.594.00 | Kr. 659.342.80 |
| Auglýsingar ........................... | " 44.000.00 | " 21.250.00 |
| Vaxtatekjur af bankareikningum ........ | " 91.199.12 | " 25.959.04 |
| Tekjur alls | Kr.1.050.793.12 | Kr. 706.551.84 |
| **Gjöld:** | | |
| Setning, prentun, umbrot .............. | Kr. 409.088.00 | Kr. 397.554.00 |
| Myndir ................................ | " 13.893.00 | " 3.330.00 |
| Plastpökkun ........................... | " 25.868.00 | " 16.741.60 |
| Gíróseðlar og burðargjöld ............. | " 74.517.00 | " 46.321.10 |
| Launa-,ferða-og símakostnaður ......... | " 152.494.40 | " 81.966.07 |
| Tölvuvinnsla .......................... | " 12.445.00 | " 13.638.00 |
| Auglýsingar ........................... | " 9.710.00 | " 7.554.00 |
| Húsaleiga (Fákur) ..................... | " 1.240.00 | " 2.460.00 |
| Annað ................................. | " 6.606.00 | " 4.453.65 |
| Gjöld alls | Kr. 705.861.40 | Kr. 574.018.42 |
| Tekjur umfram gjöld | Kr. 344.931.72 | Kr. 132.533.42 |

ÁRSREIKNINGUR

HESTSINS OKKAR 1983

EFNAHAGSREIKNINGUR PR. 31. DESEMBER 1983

## EIGNIR:

| **Veltufjármunir:** | | 1983 | | 1982 |
|---|---|---|---|---|
| Spb. nr. 36610 í Sparisj.Rvk.og nágr. .. | Kr. | 330.801.58 | Kr. | 212.556.54 |
| Ávr. nr. 24575 í " " " .. | " | 207.592.19 | " | 34.928.26 |
| Útistandandi auglýsingar ............ | " | 49.500.00 | " | 8.500.00 |
| Útist. áskriftargj. .................... | " | 350.000.00 | " | 0 |
| Fyrirfr.gr.kostnaður .................. | " | 0 | " | 1.240.00 |
| Veltufjármunir alls | Kr. | 937.893.77 | Kr. | 257.224.80 |
| **Fastafjármunir:** | | | | |
| Áhöld á skrifst. (full afskr.) ......... | Kr. | 100.00 | Kr. | 100.00 |
| Fastafjármunir alls | Kr. | 100.00 | Kr. | 100.00 |
| **Eignir alls** | **Kr.** | **937.993.77** | **Kr.** | **257.324.80** |

## SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

| **Skammtímaskuldir:** | | | 1983 | | 1982 |
|---|---|---|---|---|---|
| Ógreiddur kostnaður .................. | | Kr. | 337.386.00 | Kr. | 1.648.75 |
| Skuldir alls | | Kr. | 337.386.00 | Kr. | 1.648.75 |
| **Eigið fé:** | | | | | |
| Eigið fé 31.12.1982 | Kr. 255.676.05 | | | | |
| Tekjuafgangur 1983 .. | " 344.931.72 | Kr. | 600.607.77 | Kr. | 255.676.05 |
| Eigið fé alls | | Kr. | 600.607.77 | Kr. | 255.676.05 |
| **Skuldir og eigið fé alls** | | **Kr.** | **937.993.77** | **Kr.** | **257.324.80** |

Reykjavík, 30. október 1984

Gísli B. Björnsson

Gísli B. Björnsson

Við undirritaðir kjörnir endurskoðendur L.H., höfum yfirfarið framanskráðan ársreikning Hestsins okkar fyrir árið 1983.

Við höfum sannreynt að tilfærðar bankainnistæður eru fyrir hendi.

Við teljum, að ársreikningurinn, sem samanstendur af rekstrarreikningi ársins 1983, efnahagsreikningi pr. 31.12.1983 og skýringum og sundurliðunum nr.1-5. gefi glögga mynd af rekstri blaðsins árið 1983 og stöðu þess í árslok og mælum því með samþykkt hans.

Reykjavík, 30. október 1984

Haraldur Sveinsson — Þorvaldur Þorvaldsson

Haraldur Sveinsson — Þorvaldur Þorvaldsson

2o UMSÓKNIR OG STAÐFESTING META 1984.

Tvær umsóknir lágu fyrir og voru staðfestar að undangenginni athugun mótanefndar. Önnur staðfest á fundi 21/6 hin á fundi 24/9 s.l.

Mótanefnd tók sé alllangan tíma til að meta þessar umsóknir, þar sem viðhlítandi gögn lágu ekki fyrir.

Til að met sé staðfest þarf eftirfarandi að liggja fyrir:

A) Að árangurinn sé skráður með undirskrift minnst tveggja dómara og yfirtímavarðar og hafi þeir fullvissað sig um að farið hafi verið að gildandi kappreiðareglum.

B) Að minnst 3 gangréttar klukkur (skeiðklukkur) hafi verið á hestinum í methlaupinu og ennfremur að vegalengdin hafi verið mæld og fylgi skýrsla um það.

C) Að meðvindur hafi ekki verið yfir þrjú vindstig, þegar methlaupið fór fram. Verði rökstuddur ágreiningur um vindátt og veðurhæð sé forsenda staðfestingar að veðurmæling hafi átt sér stað á staðnum af tilkvöddum trúnaðarmanni dómnefndar.

D) Að völlurinn halli ekki meira en 20 cm á hverja 100 m í hlaupátt.

E) Að tilkynning um met sé rituð í tvíriti á þar til gerð eyðublöð, er L.H. leggur til. Skulu þeir, er standa fyrir kappreiðum annast þetta í samráði við eiganda hestsins. Tilkynninguna ber að senda í ábyrgðarpósti til skrifstofu L.H. innan tveggja mánaða frá því að hlaupið fór fram.

Landsmet getur hvaða hestur sem er sett og hvar sem er á kappreiðum á landinu, ef keppt er eftir gildandi kappreiðareglum L.H. og á keppnisvelli sem stjórn L.H. hefur viðurkennt.

Þær umsóknir sem lágu fyrir voru þessar:

150 m skeið Leistur frá Keldudal tími 13,8 sek. Íslandsmet staðfest 21/6 1984.

250 m skeið Villingur frá Möðruvöllum tími 21,6 sek. Umsókn byggð á metjöfnun.

Stjórn L.H. vísaði þessari umsókn frá á þeirri forsendu að aðeins er hægt að viðurkenna besta tíma eða árangur hverju sinni og gildir þá sú regla að sá hestur sem fyrri er til að hlaupa vegalengdina í viðkomandi keppnisgrein, er talinn eiga metið, sé það sett við þær aðstæður sem lög L.H. segja til um.

Mjög áríðandi er að dómnefndir vandi vinnubrögð sín ef um metumsókn er að ræða og fylli þau nákvæmlega út skv. því formi sem L.H. lætur í té, og ber að gera það svo fljótt sem auðið er að hlaupi loknu.

Á stjórnarfundi 24. sept. s.l. staðfesti stjórn L.H. nýtt Íslandsmet í 300 m stökki. Var hlaupið á Melgerðismelum 29/7 1984. Hesturinn Tvistur frá Götu, Hvolhreppi, hljóp 300 m á 20,5 sek. Eig. Hörður G. Albertsson, Reykjavík. Gamla metið átti Hylling, 20,6 sek.
Umsókninni fylgdu öll gögn sem fylgja ber og ber vott um nákvæm vinnubrögð dómnefndar sem á þessum kappreiðum starfaði.

## 21 UM TÖLVUVINNSLU Á HESTAMÓTUM

Æ meir kemur tölvuvinnslan við sögu og besta raun hefur hún gefið á gæðinga- og íþróttamótum.

Mótanefnd hefur einnig unnið að því að þróa tímatöku á kappreiðum með tölvu, en enginn árangur enn. Kemur þar margt til, s.s. startbásar með tímatöku og rafeindabúnaði. Á kappreiðum Fáks í sumar var í fyrsta sinn notuð ljósmyndatækni í endamarki, þar sem jafnframt var innbyggður tímamælir. Vonandi er að þessi tækni verði þróuð til fulls og auðveldar þetta býsna margt í sambandi við úrslit og skráningu þátttökuhrossa.

## 22 UM FRÉTTIR TIL FJÖLMIÐLA AF STARFI L.H.

Sú ánægjulega þróun hefur orðið á þessu ári að mikil skrif hafa orðið um hestamennsku.

Valdimar Kristinsson, starfsmaður "Hestsins okkar", sem jafnframt skrifar í Morgunblaðið, er langstórtækastur og kemur mest af hans skrifum fyrir almenningssjónir. Þá má einnig nefna Eirík Jónsson og Guðlaug Tryggva Karlsson sem hafa birt greinar og viðtöl í DV nokkuð reglulega. Tímaritin Hesturinn okkar og Eiðfaxi komu síðan út á föstum tíma með sínar hefðbundnu fréttir og greinar. Það má helst benda á að útvarp og sjónvarp hafa ekki sinnt nægilega óskum hestamanna um umfjöllun um hestamennsku. Væri óskandi að slíkt gæti orðið sem fyrst og ástæða til þess að ársþing L.H. sendi ályktun til útvarpsráðs um betrumbætur í þessu máli, og mætti skírskota til þess að í landinu stunda líklega ekki færri en tuttugu þúsund manns hestamennsku, að meira eða minna leyti. Býsna góður þrýstihópur það!
Þá voru sendar allar ályktanir og fréttir til dagblaða og fjölmiðla af síðasta ársþingi L.H. í Borgarnesi.



## 23 UM FJÓRÐUNGS- OG LANDSMÓT.

Nokkur umræða hefur átt sér stað, einkum nú í ár vegna tímasetninga fjórðungsmóta og landsmóta.

Ekki hafa allir verið á eitt sáttir með það að hafa tvö fjórðungsmót á sama ári með svo stuttu millibili. Þá er heldur ekki heppilegt að margra mati að fjórðungsmót lendi aftur í sama fjórðungi og landsmóti var nýlokið í.

Þetta hefur verið í athugun hjá sýningarnefnd B.Í. auk þess hefur stjórnin fjallað um málið.

Næsta fjórðungsmót verður haldið í Reykjavík dagana 27 - 30. júní 1985.

Á fundi sem haldinn var á skrifstofu L.H. komu fulltrúar allra félaganna á Suðurlandi saman og ræddu um líklegan stað fyrir fjórðungsmót 1985. Niðurstaða þess fundar var að það skyldi haldið í Reykjavík. Var strax að þeim fundi loknum kosin framkvæmdanefnd, þannig skipuð:

| | |
|---|---|
| Gunnar B. Dungal | Fáki |
| Bjarni Sigurðsson | Gusti |
| Hreinn Ólafsson | Herði |
| Halldór Guðmundsson | Ljúf |
| Helgi Eggertsson | Búnaðarsambandi Suðurlands |
| Kristján Jónsson | Geysi |
| Þórir Steindórsson | Sleipni |

Nefndin skipaði síðan Gísla B. Björnsson framkvæmdastjóra.

Hefur nefndin þegar sent út kynningarrit um framkvæmd og skipulag.

Þá var einnig haldinn fundur sama dag um væntanlegt landsmót 1986 á Hellu. Mættu þar aftur flestir fulltrúar félaganna á Suðurlandi og kusu framkvæmdaráð sem síðan skipaði framkvæmdanefnd með eftirtöldum mönnum:

| | |
|---|---|
| Gunnar Jóhannsson | Geysi |
| Bjarni Ansnes | Smára |
| Hreinn Árnason | Gusti |
| Örn Ingólfsson | Fáki |
| Sigurður Haraldsson | L.H. |

Sigurð Ragnarsson til aðstoðar v/skrifstofu L.H.

Framkvæmdanefnd landsmóts hefur þegar haldið nokkra fundi og m.a. rætt við Geysi um afnot af væntanlegu vallasvæði, samið um leigu og gert athugasemdir um ýmsa þætti vegna væntanlegs mótahalds 1986.

Verður reynt að standa að þessu móti eins vel og hægt er og hefur mótið verið ákveðið 10 - 13. júlí 1986.

## 24 UM ÚTHLUTUN REIÐVEGAFJÁR 1984

Stjórn L.H. úthlutaði reiðvegafé fyrir 1984 kr. 463.000,-. Reiðvegastyrkinn hlutu eftirtalin 23 félög:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sindri ............. | 10.000,- | Hörður .............. | 28.000,- |
| Gustur ............. | 20.000,- | Blær ............... | 20.000,- |
| Geysir ............. | 40.000,- | Máni ............... | 20.000,- |
| Smári ............. | 10.000,- | Stormur ............ | 20.000,- |
| Fákur ............. | 40.000,- | Léttfeti ........... | 10.000,- |
| Glaður .............. | 10.000,- | Funi ............... | 10.000,- |
| Sleipnir ........... | 40.000,- | Hafnfirðingur ....... | 40.000,- |
| Snæfaxi ............. | 10.000,- | Freyfaxi ........... | 10.000,- |
| Faxi ............... | 20.000,- | Ljúfur ............. | 20.000,- |
| Stígandi ............ | 10.000,- | Snæfellingur ........ | 40.000,- |
| Andvari ............ | 15.000,- | Léttir ............. | 10.000,- |
| Trausti ............ | 10.000,- | Samtals: | 463.000,- |

Stjórn L.H. hefur samþykkt að breyta reglum um úthlutun á þann veg að 20-25% aðildarfélaga fái úthlutun á hverju ári.

Að miðað sé við tveggja til fjögurra ára tímabil í úthlutun.

Félög sem standa fyrir reiðvegaframkvæmdum í tengslum við fjórðungs- eða landsmót njóti forgangs.

Umsókn fylgi kostnaðaráætlun.



## 25 SKEIFUDAGAR BÆNDASKÓLANNA

Árlegir skeifudagar fóru fram á bændaskólunum í vor, eins og endranær. Á Hvanneyri hélt Grani, hestamannafélag nemenda upp á 30 ára afmæli sitt. Í því tilefni mætti Skúli Kristjónsson f.h. L.H. og flutti nokkur orð og gaf skólanum fána L.H.

Sagði Skúli m.a. "að Skeifudagurinn væri árlegur hátíðisdagur og hver árgangur beðið hans með eftirvæntingu og verið nemendum hvatning til að ná því marki sem að er stefnt".

Þetta leiðir hugann að því marki sem reiðskólinn er og stefna ber að því með fullum krafti að hann verði að veruleika fyrr en seinna. Reiðskóli í tengslum við bændaskólana er raunhæf hugmynd sem vert er að gefa gaum og má benda á að þannig er auðveldast að tengja hann því skólakerfi sem við búum við og getum vænst að taki reiðskólann inn í sitt kerfi. Á komandi árum mætti hugsa sér búfræðinga eða bændaskólanema sem útskrifast sem tamningamenn eða reiðkennarar frá bændaskólum, með alhliða þekkingu á bústörfum, umhirðu og þekkingu á húsdýrum auk almennrar menntunar til frekari náms og möguleikum í framtíðinni.

Að þessu marki hlýtur L.H. að stuðla og miklar vonir bundnar við þá nefnd sem að þessum málum starfar undir stjórn Sigurðar Haraldssonar.

Reiðskólinn er mál sem varðar alla hestamenn og ekki síst þær kynslóðir komandi ára sem taka við að öðrum gengnum. Þetta verður sú lyfitstöng sem lyftir grettistaki með sameiginlegu átaki hestamanna um ókomin ár.

## 26 NÁTTÚRUVERNDARÞING 1984

Þingið var haldið 13. apríl s.l. og var fulltrúi L.H. á þinginu, Gísli. B. Björnsson.

Þetta er í fyrsta sinn sem L.H. sendir fulltrúa til náttúruverndarþings, enda stutt síðan tillaga þess efnis var samþykkt á ársþingi L.H. (1982) og samþykkt af Náttúruverndarráði 1983.

Framkvæmdastjóri L.H. hefur sótt nokkra umræðufundi vegna ýmissa ákvæða um náttúruvernd og ferðir hestamanna um viðkvæma staði og umgengni við landið.

## 27 UM BEITARSKATT OG VÖRSLUHÓLF

Í mars á þessu ári sendi skrifstofa L.H. út bréf til félaganna, þar sem óskað var eftir ábendingum um byggingu og staðsetningu vörsluhólfa, skv. ákvörðun um ráðstöfun beitar- og áningarskatts.

Sérstakt gjald er innheimt með árgjöldum sem ætlað er til þessa markmiðs og geta öll félög eitt sér eða fleiri saman sótt um styrk til áningarhólfa á hálendinu.

Lagt var til grundvallar í bréfinu að hólfin yrðu einungis vörsluhólf, ca 400 - 1000 $m^2$ og væri í þeim skjól og vatn. Reiknað var með að félögin legðu fram vinnu, en L.H. greiddi útlagðan kostnað vegna efnis og flutnings.

Umsóknir um þetta mál bárust frá eftirtöldum félögum:

| | |
|---|---|
| Geysir-Sindri | - Þórsmörk |
| Hornfirðingur-Freyfaxi | - Víðidalur |
| Feykir-Snæfaxi | - Öxarfjarðarheiði |
| Neisti | - Grímstunguheiði |
| Faxi | - Langivatnsdalur eða við Múla/Svarfhól í Hraunhreppi |
| Óðinn | - Hveravellir eða Galtará |
| Léttir | - V. Sörlastaða í Fnjóskadal |

Þá barst ein umsókn eftir að frestur rann út, frá Smára.
Stjórn L.H. samþykkti að þessu sinni umsóknir frá Faxa, Feyki, Freyfaxa og Geysi.

Aðeins einu hólfi hefur enn sem komið er verið lokið, hólfi Feykis og Snæfaxa.

Beitarskatturinn veitir möguleika til að byggja upp góð vörsluhólf þannig að ferðamenn geti á öruggan hátt geymt hesta sína, hins vegar er ekki ætlast til beitar í hólfunum. Bætt áningaraðstaða hvetur til frekari ferðalaga á hestum.



## 28 SAMKOMULAG F.T. OG L.H.

Í sumar var samningi reiðkennara F.T. við L.H. sagt upp og jafnframt óskað eftir viðræðum um samkomulag á nýjum grundvelli.

Í samningaviðræðum af hálfu L.H. sátu Stefán Pálsson, formaður L.H. og Sigurður Ragnarsson, framkvæmdastjóri, en frá F.T. þeir Eyjólfur Ísólfsson og Þorvaldur Ágústsson.

Nokkur breyting varð á samkomulaginu frá hinu eldra og nú var m.a. tekið upp flokkakerfi miðað við starfsreynslu.

<u>BRÁÐABIRGÐASAMKOMULAG UM LAUN REIÐKENNARA F.T.</u>

Gert hefur verið samkomulag milli reiðkennara F.T. og Landssambands hestamannafélaga f.h. aðildarfélaga L.H., til bráðabirgða um laun reiðkennara. Sú breyting hefur orðið á með samkomulagi þessu að nú er tekið tillit til starfsaldurs og reynslu og í því sambandi settir upp tveir launaflokkar eftir starfsaldri.

1. lfl. Reiðkennarar með allt að 7 ára starfsreynslu.
Fullorðnir .......... 580,- Unglingar ........ 425,-

2. lfl. Eftir sjö ára starf eða lengur:
Fullorðnir .......... 700,- Unglingar ........ 500,-

1). Gert er ráð fyrir að hámarksfjöldi á námskeiði séu 12 nem.

2). Námskeiðin standi minnst 10 klst., og byggist á bæði bóklegu og verklegu námi.

3). Gjald fyrir unglinga miðast við að þeir séu í sérstöku unglinganámskeiði, en séu þeir í flokki með fullorðnum, þá greiði þeir sama gjald og fullorðnir.

4). Sé kennari ekki búsettur á svæðinu, greiðist ferðakostnaður til og frá námskeiðssvæði samkv. samkomulagi milli hestamannafélaga og kennara (og er heimilt að leggja hann á þátttökugjald).

5). Samkomulag þetta gildir eingöngu milli reiðkennara F.T. og L.H., og er til bráðabirgða og er gildistími þess frá undirskr. til 1. september 1984.
Óheimilt er að aðrir noti taxta þessa, en samkomulagið tilgreinir og gildir ekki fyrir leiðbeinendur byrjanda sem staðist hafa námskeið L.H. Samkomulag þetta gildir ekki fyrir æskulýðsstarf hestamannafélaga og bæjarfélaga.

Þetta samkomulag gilti frá 12. júní 1984 - 1. sept. s.á. Nú er gildistími þess útrunninn og ekki hafa enn farið fram neinar viðræður um framhald.

Um samkomulag við tamningamenn má segja að það hafi verið í gildi óbreytt frá upphafi, og verið framreiknað miðað við hækkun vísitölu.

Skv. útreikningi á kaupi tamningamanna innan F.T. er taxti nú:

Miðað er við 24. lfl. 1. Málm- og skipasmiða

| | | |
|---|---|---|
| | kr. | 15.172,00 |
| + 10,00% | - | 1.517,20 |
| | kr. | 16.689,20 |
| + 10,17% | - | 1.697,29 |
| | kr. | 18.386,49 |

Vinnuveitandi greiðir 6%, launþegi 4% til lífeyrissjóðs.
Sjá ársskýrslu 1983 bls. 12, kfl. 15.

# 29 ÁRSREIKNINGUR

1983

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA



| Skýr. | | | 1983 | | 1982 |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Tekjur:** | | | | |
| 1) | Ársgjöld sambandsfélaga .............. | Kr. | 485.310.00 | Kr. | 283.385.00 |
| 1) | Beitarskattur sambandsfélaga ......... | " | 173.325.00 | " | 0.00 |
| | Reiðskólastyrkur úr ríkissj. .......... | " | 10.000.00 | " | 3.000.00 |
| | Styrkur frá Æskul.ráði ríkisins o.fl. . | " | 0.00 | " | 7.000.00 |
| | Tekjur frá Landsmóti ´82 ............. | " | 30.000.00 | " | 80.000.00 |
| 10) | Útgáfa smárita og filmuleiga ......... | " | 28.009.35 | " | ( 5.858.50) |
| 2) | Útgáfa blaðsins "Hestar" ............. | " | 171.276.85 | " | 94.710.50 |
| | Vaxtatekjur umfram vaxtagjöld ........ | " | 30.162.58 | " | 19.547.27 |
| | **Tekjur alls** | Kr. | 928.083.78 | Kr. | 481.784.27 |
| | **Gjöld:** | | | | |
| 3) | Laun og launakostn. á skrifstofu ...... | Kr. | 277.970.00 | " | 133.554.55 |
| 4) | Annar skrifstofukostnaður ............ | " | 179.609.95 | " | 119.493.42 |
| 5) | Þinghald og fundir ................... | " | 39.519.85 | " | 19.728.80 |
| 6) | Akstur og ferðakostnaður ............. | " | 43.210.00 | " | 47.824.80 |
| 7) | Námskeiðahald o.þ.h. ................. | " | 60.012.80 | " | 3.840.00 |
| 8) | Skógarhólar og Hvítárnes o.fl. ........ | " | 82.189.85 | " | 15.060.50 |
| | Landvernd árgjald .................... | " | 1.800.00 | " | 1.125.00 |
| 9) | Annar kostnaður ...................... | " | 42.065.75 | " | 37.536.90 |
| 11) | Afskriftir ........................... | " | 18.580.00 | " | 15.478.05 |
| | **Gjöld alls** | Kr. | 744.958.20 | Kr. | 393.642.02 |
| | **Hagnaður á rekstri** | **Kr.** | **183.125.58** | **Kr.** | **88.142.25** |

| Skýr. | EIGNIR: | | 1983 | | 1982 |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Veltufjármunir:** | | | | |
| 16) | Bankainnistæður | Kr. | 317.647.90 | Kr. | 171.526.71 |
| 12) | Fyrirframgr. kostn. og viðsk.kröfur | " | 60.772.04 | " | 15.813.65 |
| 17) | Vangreidd árgjöld og skattur | " | 5.610.00 | " | 120.00 |
| | Kvik sf. o.fl. v/kvikm. af Landsmóti | " | 0.00 | " | 45.000.00 |
| | **Veltufjármunir alls** | Kr. | 384.029.94 | Kr. | 232.460.36 |
| | **Fastafjármunir:** | | | | |
| | Kvikmyndir | Kr. | 200.00 | Kr. | 200.00 |
| | Smárit, lög og reglugerðir | " | 90.000.00 | " | 0.00 |
| 13) | Skrifstofuáhöld og innréttingar | " | 29.107.00 | " | 19.200.00 |
| 14) | Myndbandatæki og myndbönd | " | 42.625.00 | " | 45.000.00 |
| 15) | Girðing Hvítárnesi | " | 4.400.00 | " | 6.600.00 |
| | Skógarhólar, hús og svæði | " | 2.250.00 | " | 2.250.00 |
| | **Fastafjármunir alls** | Kr. | 168.582.00 | Kr. | 73.250.00 |
| | **EIGNIR ALLS** | Kr. | 552.611.94 | Kr. | 305.710.36 |



| Skýr. | SKULDIR OG EIGIÐ FÉ: | | 1983 | | 1982 |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Skammtímaskuldir:** | | | | |
| | Ógr. kostnaður | Kr. | 33.584.00 | Kr. | 6.785.00 |
| 17) | Ofgr. árgjöld | " | 680.00 | " | 680.00 |
| 18) | Viðskiptaskuldir | " | 9.977.00 | " | 50.000.00 |
| | Hljómbær (v/myndbands) | " | 17.830.00 | " | 30.830.00 |
| | Eiðfaxi hf. (v/augl. v/myndbands) | " | 4.000.00 | " | 4.000.00 |
| | **Skuldir alls** | Kr. | 66.071.00 | Kr. | 92.295.00 |
| | **Eigið fé:** | | | | |
| 20) | Óráðstafað eigið fé | Kr. | 486.540.94 | Kr. | 213.415.36 |
| | **Eigið fé alls** | Kr. | 486.540.94 | Kr. | 213.415.36 |
| | **SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS** | Kr. | 552.611.94 | Kr. | 305.710.36 |

Reykjavík, 10. maí 1984

Gísli B. Björnsson

Við undirritaðir kjörnir endurskoðendur, Landssambands hestamannafélaga, höfum yfirfarið ársreikning Landssambandsins fyrir árið 1983.

Við höfum sannreynt, að tilfærðar bankainnistæður eru fyrir hendi.

Birgðir af bókum, lögum og reglugerðum eru nú metnar til verðs í ársreikningnum og í því mati miðað við talningu sem framkvæmd var af starfsmanni sambandsins um áramót.

Miðað við þær reikningsskilaaðferðir sem beitt hefur verið, teljum við að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Landssambandsins árið 1983 og stöðu þess 31.12.1983, og mælum því með samþykkt hans.

Reykjavík, 10. maí 1984

Haraldur Sveinsson

Þorvaldur Þorvaldsson

31 Ársskýrsla Íþróttaráðs L.H. 1984.

6. Ársþing íþróttaráðs L.H. var haldið laugardaginn 19. nóvember 1983 á Akureyri. Þingið sátu 31. fulltrúi, þar af 25 með fullan atkvæðisrétt. Þeir voru frá 12 íþróttadeildum af 18. Þar voru lög og reglur íþróttaráðs endurskoðuð og fjallað um ýmis mál er varða hestaíþróttir. Þingið samþykkti eftirfarandi.

1. Íslandsmót í hestaíþróttum verði haldið dagana 11.-12. ágúst 1984 að Vindheimamelum í Skagafirði (Stórmót á Hellu lenti á þessari helgi, var því Íslandsmót haldið dagana 03.-05. ágúst í tengslum við mót Skagfirðinga).

2. Stjórn Íþróttaráðs hlutist til um aðild íþróttadómara að dómarafélagi L.H.

3. Næsta stjórn íþróttaráðs L.H. útvegi reiðkennara erlendis frá sem haldi námskeið í hlýðniæfingum og þjálfun grunngangtegunda (F.T. Félag tamningamanna tók ómakið af stjórninni og fékk hingað Hans Georg Gundlack og hélt hann hér 2 námskeið fyrir 20 tamninga- og reiðmenn).

4. Um mætingu í úrslit: Sýni keppandi mótinu óvirðingu svo sem með því að mæta ekki í úrslit keppnisgreinar án fullgildrar ástæðu, skal hann útilokaður frá verðlaunasæti, þ.e. hann hlýtur ekkert sæti í úrslitum og árangur hans er strikaður út. Yfirdómnefnd mótsins ber að skera úr um hvort fjarvistir keppenda eru fullgildar.

5. Samþykkt að hvetja deildir til að starfa meira saman að mótum. Hver hjá öðrum og að opnum mótum.

6. Kynning á starfsemi hestaíþróttafólks og hestamanna almennt verði stóraukin í framtíðinni.
   Séu athyglisverð mál á döfinni séu sendar fréttatilkynningar strax til allra fjölmiðla og því fylgt eftir að þær verði birtar.

7. Breytingar á stjórnarskrá 4.gr. stjórn. Stjórn íþróttaráðs L.H. skal skipuð 7 mönnum kosnum á ársþingi, 6 meðstjórnendur til 2ja ára, formaður til 1 árs, þannig að formaður, 3 meðstjórnendur eru kosnir á hverju ári o.s.frv.

8. Íþróttaráð L.H. verði falið að annast útvegun á dómurum á Íslandsmót í hestaíþróttum og á Evrópumótsúrtökur. Minnst 2 dómarar af Norðurlandi og 2 dómarar af Vesturlandi verði í dómnefndum beggja mótanna.

9. Tekin verði upp eldri aðferð við stigaútreikning þ.e. svo kallað punktakerfi. Í stigakeppni reiknast stig úr forkeppni. Í úrslitum er viðhöfð sætaröðun.

10. Leiðréttur vitlaust útreikningur á úrslitakeppni sætaröðun. Þar á að tvöfalda eins og venjulega hægt tölt í töltkeppni og tölt og skeið í 5-gangi.

11. Samþykktar reglur um keppni í hindrunarstökki sem notaðar voru til reynslu í eitt ár.

12. Samþykkt að lengja niðurhægingarkaflan í gæðingaskeiði um 25 m, þannig að hann verði 75 m.

13. Samþykkt að vísa tillögu um breytingar á keppni í 5-gangi til stjórnar Íþróttaráðs L.H.

14. Samþykkt að beina þeirri áskorun til stjórnar L.H. að hún standi undir kostnaði við stjórnarfundi íþróttaráðs L.H.

Í lok þingsins var kjörin ný stjórn. Í henni eiga sæti:

| | | |
|---|---|---|
| Guðmundur Jónsson | formaður, | Herði |
| Þorvaldur Ágústsson | varaformaður | Geysi |
| Ólafur Örn Pétursson | gjaldkeri | Fáki |
| Hallgrímur Jóhannesson | meðstjórnandi | Mána |
| Þórarinn Þórarinsson | -- " -- | Mána |
| Ingimar Ingimarsson | -- " -- | Léttfeta |
| Ragnar Ingólfsson | -- " -- | Létti |



## 32 Verkefnaskrá stjórnar íþróttaráðs L.H.

Hér á eftir er talið upp það helsta sem stjórnin hefur fengist við á þessu ári.:

1. Ráðstefna dómara í hestaíþróttum var haldin 7. apríl. Þar var mjög rætt um að samræma dóma t.d. hvað varðar frávik í sýningu og ofl.

2. Íþróttaráð L.H. stuðlaði að því að Reynir Aðalsteinsson sæti fund sem íþróttafulltrúi F.E.I.F. boðaði til í Semriach í Austurríki 29. mars. Fyrir fundinum lágu miklar breytingar á tilhögun, eiknunnagjöf og stigakeppni á E.M. Var þeim vísað til aðalfundar í Hollandi í september og vísað þar frá.

3. Fundur Norðurlanda. Því miður vissu íslendingar ekki af þessum fundi. þar var einkum rætt um Norðurlandamót og dómararáðstefnu á Norðurlöndum.

4. Íþróttaráð L.H. hvatti til að deildir austan Hellisheiðar héldu opið íþróttamót og vann að því að tölvuvæða það mót ásamt Íslandsmóti. Stjórnin stefnir að því að eignast tölvuprógram yfir dóma í hestaíþróttum . Það prógram hefur verið reynt og endurbætt á mótum í sumar og verður væntanlega fullbúið fyrir næsta keppnistímabil.

5. Íþróttaráð L.H. fylgdist náið með umsókn íþróttdadeildar Fáks inní Í.S.Í. Sú umsókn fór fyrir sambandsstjórnarfund í vor og var þar samþykkt eftirfarandi: "Samþykkja beri inntökubeiðni íþr.deildar Fáks inní Í.B.R. að því tilskyldu að ákvæði í sérlögum þessarar íþróttadeildar brjóti eigi í bága við lög og reglur Í.S.Í. eða viðkomandi héraðssambands".
Á framhalds aðalfundi íþr.deildar Fáks í sumar var lögum breytt. Síðan sótt um inngöngu í Í.B.R. Á aðalfundi Í.B.R. 26. sept. sl. var íþr.deild Fáks samþykkt sem fullgildur aðili að Í.B.R. með sex mánaða aðildarbiðtíma samkvæmt lögum Í.B.R.

6. Um páska var haldið dómaranámskeið í hestaíþróttum á Akureyri, kennari var Snorri Ólafsson þar voru útskrifaðir 15 nýjir dómarar,-einnig komu u.þ.b. 10 eldri dómarar á ráðstefnu.

7. Formaður íþr.ráðs L.H. heimsótti síðla vetrar íþr.deildir og sýndi þar myndbönd frá E.M. '84, sem íþróttaráði hefur áskotnast. Einnig svaraði hann fyrirspurnum um hestaíþróttir og umsókn inní Í.S.Í.

8. Stjórnin aðstoðaði við útvegun dómara á íþróttamót og tókst það vel. Þó mjög mikið álag væri á sumar helgar í vor.

9. Íslandsmót í hestaíþróttum fór fram á Vindheimamelum í Skagafirði 03.-05. ágúst í tengslum við hestamót Skagfirðinga. Tókst framkvæmd mótsins í alla staði mjög vel, öll tímasetning stóðst með ágætum. Þátttaka var góð bæði hvað fjölda og hæfni keppenda varðar. Vegna þess að fella þurfti þessi mót saman reyndi stjórn íþróttaráðs að aðstoða við mótið eftir mætti. Ingimar Ingimarsson og hans menn eiga heiður skilinn fyrir frábært Íslandsmót.

10. Dagana 17.-19. ágúst var haldið Norðurlandamót í hestaíþróttum í Asker í Noregi. Stjórn íþr.ráðs útvegaði 2 dómara á mótið og 2 verðlaunagripi. Á mótinu kepptu alls 5 íslendingar.

11. Íþr.ráð sótti um íþróttastyrk Sambands ísl. Samvinnufélaga í annað sinn. Ekkert svar hefur borist og styrkurinn veittur öðrum.

12. Íþr.ráð fékk boð um að senda keppendur á opið afmælismót hollenska sambandsins í Uddel. Ætluðu hollendingar að útvega íslendingunum hesta. Nokkrir íslendingar fóru á þetta mót á eigin vegum.

13. Mjög gagnlegur fundur var haldinn í lok ágúst um tillögur fyrir aðalfund F.E.I.F., voru þær ræddar lið fyrir lið og fulltrúi L.H. Sigurður Ragnarsson fór með mikið og gott veganesti á aðalfundinn í Hollandi um miðjan september. Þar var tekin sú stefna að fresta öllum breytingum fram yfir næsta EM ´85 í Svíþjóð. Ritari F.E.I.F. var kosinn Sigurður Ragnarsson, framkv.stj. L.H. Óskar íþróttaráð honum góðs gengis.

14. Íþróttaráð vinnur að því að koma á laggirnar nýrri framkvæmdanefnd um EM þátttöku og fá hina fyrri til að skila skýrslu svo hægt sé að hefja undirbúning.

15. Næsta verkefni stjórnar er undirbúningur fyrir 7. ársþing íþróttaráðs sem haldið verður á Selfossi laugardaginn 24. nóv. 1984.

F.h. íþróttaráðs L.H.

Guðmundur Jónsson, sign<br>formaður

## Ársgjöld og beitarsk. skv. uppgjöri til L.H. 1983:

| | Félagsmenn | Félagsgjöld | Beitarskattur | Alls |
|---|---|---|---|---|
| Andvari ............... | 91 | Kr. 6.370.00 | Kr. 2.275.00 | Kr. 8.645.00 |
| Blakkur ............... | 51 | " 3.570.00 | " 1.275.00 | " 4.845.00 |
| Blær .................. | 35 | " 2.450.00 | " 875.00 | " 3.325.00 |
| Dreyri ................ | 220 | " 15.400.00 | " 5.500.00 | " 20.900.00 |
| Faxi .................. | 245 | " 17.150.00 | " 6.125.00 | " 23.275.00 |
| Fákur ................. | 958 | " 67.060.00 | " 23.950.00 | " 91.010.00 |
| Feykir ................ | 61 | " 4.270.00 | " 1.525.00 | " 5.795.00 |
| Félag tamningamanna .... | 81 | " 5.670.00 | " 2.025.00 | " 7.695.00 |
| Freyfaxi .............. | 149 | " 10.430.00 | " 3.725.00 | " 14.155.00 |
| Funi .................. | 69 | " 4.830.00 | " 1.725.00 | " 6.555.00 |
| Geysir ................ | 367 | " 25.690.00 | " 9.175.00 | " 34.865.00 |
| Glaður ................ | 136 | " 9.520.00 | " 3.400.00 | " 12.920.00 |
| Glófaxi ............... | ? | | | |
| Glæsir ................ | 94 | " 6.580.00 | " 2.350.00 | " 8.930.00 |
| Gnýfari ............... | 60 | " 4.200.00 | " 1.500.00 | " 5.700.00 |
| Goði .................. | 40 | " 2.800.00 | " 1.000.00 | " 3.800.00 |
| Grani ................. | 94 | " 6.580.00 | " 2.350.00 | " 8.930.00 |
| Gustur ................ | 362 | " 25.340.00 | " 9.050.00 | " 34.390.00 |
| Háfeti ................ | 76 | " 5.320.00 | " 1.900.00 | " 7.220.00 |
| Hornfirðingur ......... | 150 | " 10.500.00 | " 3.750.00 | " 14.250.00 |
| Hringur ............... | 110 | " 7.700.00 | " 2.750.00 | " 10.450.00 |
| Hörður ................ | 290 | " 20.300.00 | " 7.250.00 | " 27.550.00 |
| Kinnskær .............. | 42 | " 2.940.00 | " 1.050.00 | " 3.990.00 |
| Kópur ................. | 107 | " 7.490.00 | " 2.675.00 | " 10.165.00 |
| Léttfeti .............. | 152 | " 10.640.00 | " 3.800.00 | " 14.440.00 |
| Léttir ................ | 317 | " 22.190.00 | " 7.925.00 | " 30.115.00 |
| Ljúfur ................ | 92 | " 6.440.00 | " 2.300.00 | " 8.740.00 |
| Logi .................. | 128 | " 8.960.00 | " 3.200.00 | " 12.160.00 |
| Máni .................. | 130 | " 9.100.00 | " 3.250.00 | " 12.350.00 |
| Neisti ................ | 98 | " 6.860.00 | " 2.450.00 | " 9.310.00 |
| Óðinn ................. | 63 | " 4.410.00 | " 1.575.00 | " 5.985.00 |
| Seyður ................ | 20 | " 1.400.00 | " 500.00 | " 1.900.00 |
| Sleipnir .............. | 291 | " 20.370.00 | " 7.275.00 | " 27.645.00 |
| Smári ................. | 241 | " 16.870.00 | " 6.025.00 | " 22.895.00 |
| Snarfari .............. | 48 | " 3.360.00 | " 1.200.00 | " 4.560.00 |
| Sindri ................ | 165 | " 11.550.00 | " 4.125.00 | " 15.675.00 |
| Snæfellingur .......... | 253 | " 17.710.00 | " 6.325.00 | " 24.035.00 |



## Ársgjöld og beitarsk. skv. uppgj. til L.H. frh.:

| | Félagsmenn | Félagsgjöld | Beitarskattur | Alls |
|---|---|---|---|---|
| Snæfaxi ............... | 79 | Kr. 5.530.00 | Kr. 1.975.00 | Kr. 7.505.00 |
| Stígandi .............. | 184 | " 12.880.00 | " 4.600.00 | " 17.480.00 |
| Stormur ............... | 94 | " 6.580.00 | " 2.350.00 | " 8.930.00 |
| Sörli ................. | 270 | " 18.900.00 | " 6.750.00 | " 25.650.00 |
| Trausti ............... | 109 | " 7.630.00 | " 2.725.00 | " 10.355.00 |
| Þjálfi ................ | 133 | " 9.310.00 | " 3.325.00 | " 12.635.00 |
| Þráinn ................ | 61 | " 4.270.00 | " 1.525.00 | " 5.795.00 |
| Þytur ................. | 117 | " 8.190.00 | " 2.925.00 | " 11.115.00 |
| **Samtals** | **6.933** | **Kr. 485.310.00** | **Kr. 173.325.00** | **Kr. 658.635.00** |

(Árgjald fyrir hvern félaga kr. 70.00 og beitarskattur kr. 25.00)

Reykjavík 24. október 1984

Stefán Pálsson

Kristján Guðmundsson, Sigurður Haraldsson

Gísli B. Björnsson, Skúli Kristjónsson

Guðrún Gunnarsdóttir, Egill Bjarnason

Útgáfu ársskýrslu og undirbúning annaðist

Sigurður Ragnarsson.

Bestu tímar á kappreiðum sumarsins 1984.

150 metra skeið

1. Kolbrá frá Kjarnholtum skeiðaði á Faxaborg 14.júlí á 14.1 sek.

250 metra skeið.

Hildingur frá Hofstaðaseli skeiðaði á Víðivöllum 26.ágúst á 22.0 sek.

250 metra stökk

Úi frá Nýja - Bæ hljóð á Víðivöllum 11.maí á 18.0 sek.

350 metra stökk

Tvistur frá Götu hljóp á Melgerðismelum 1. ágúst á 23.9 sek.

800 metra stökk

Don frá Hofsstöðum hljóp á Vindheimamelum 4. ágúst á 57.9 sek.

300 metra brokk

Trítill úr Skagafirði brokkaði á Víðivöllum 11. maí á 36.0 sek.

800 metra brokk

Trítill úr Skagafirði brokkaði á Vindheimamelum 4. ágúst á 1.34.0 mín.

800 metra stökk á hringvelli

Tvistur frá Götu hljóp á Hvítasunnukappreiðum Fáks 1984 á 60.6 sek.